

mönnunum hafa verið borguð laun frá 1. ágústmán. 1865 til 31. marzmán. 1866.

1866.

9. febrúar.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar, þær er getið er um hér að framan.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um húsastæði í „Grófinni“ í Reykjavík. 15. febrúar.

Eins og bréf yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 4. nóvembermán. f. á., og fylgiskjöl þess bera með sér, hefir Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi í Reykjavík, borið sig upp við yður útaf því, að byggingarnefndin þar, á fundi, er hún hélt 18. septembermán. f. á., hafi neitað sér um að taka til handa sér húsastæði, er hann hafði beiðzt eptir að sér væri mælt út í „Grófinni“, er svo er kölluð, og hann ætlaði til verzlunarhúsa, nema því að eins að bæjarstjórnin væri því samþykk. Því næst hafið þér leitað álits bæjarstjórnarinnar um, hvort henni finnist nokkuð vera því til fyrirstöðu, að húsastæði þetta sé úthlutað, og hefir hún í svari sínu sagt, að bærinn megi ekki missa svæði þetta, því að það sé einasti skikinn af fjörunni fram undan bænum, sem hann eigi sjálfur, og hafi sjómennirnir í vesturenda bæjarins verið látnir fá það til að lenda þar og setja upp skip sín, og geti menn því ekki tekið það af þeim, nema þeim verði úthlutað eitthvert hentugt svæði annarstaðar; en ef samningur geti komist á milli bæjarstjórnarinnar og ábúandans á Hlíðarhúsum um að búa til lendingu og uppsátur á Hlíðarhúsa lóð, eins og verið hefir í orði, og þá mætti láta Grófina af hendi til húsastæða, þá skuli Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi, að svo miklu leyti sem unnt er, vera látinn ganga fyrir öðrum til að fá það. Að síðustu hefir bæjarstjórnin sagzt vera fús á að úthluta honum aðra lóð til að byggja á, ef hann vili ekki bíða eptir því að samningur sá komist á, er nú var getið um. Með því yður ekki hefir þókt vera nægar ástæður til að breyta

1866.

15. febrúar.

ályktun þeirri, er bæjarstjórnin hefir gjört um þetta, samkvæmt skilyrði því, er byggingarnefndin hafði sett, hefir Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi, farið þess á leit í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, að málefni þessu væri skotið til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að dómsmálastjórninni finnst ekki vera ástæða til að breyta úrskurði þeim, er þér, herra stiptamtmaður, hafið lagt á málið, en þér eruð beðnir um að stuðla til, að fyrirkomulag það, er bæjarstjórnin hefir vikið á, komist á sem fyrst.

16. febrúar. **13. Lög um, hvernig reikna skuli eptirlaun Helga G. Thordersens, biskups yfir Íslandi.**

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallið á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Launaviðbót sú, 800 rdl. að upphæð, sem Helga G. Thordersen, biskupi yfir Íslandi, riddara dannebrogssorðunnar og dannebrogsmanni, ber samkvæmt 1. grein staflíð B í lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skal tekin til greina sem launaviðbót, er veitt hafi verið honum sjálfum, þá er hann fer frá embættinu og reiknuð verða út eptirlaun þau, sem honum bera.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn

16. dag febrúarmánaður 1866.

16. febrúar. **14. Lög um, að endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli skotið á frest.**

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: